

Þriðjudaginn 17. nóvember 1981.

Nr. 221/1981. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðbergi Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Ítrekun.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómur er kveðinn upp af Finnboga H. Alexandersyni, fulltrúa bæjarfógetans í Garðakaupstað.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, Guðbergs Guðjónssonar. Málinu er ekki áfrýjað að því er varðar dómþola A.

Dómkröfur ákærvaldsins eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd, og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að tildæmd refsing hans verði lækkuð, að skaðabótakröfu Ingólfs Sigurgeirssonar verði vísað frá dómi og að málsvarnarlaun verði tildæmd.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakarmat, heimfærslu til refsíákvæða, skaðabætur og greiðslu sakarkostnaðar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hlaut ákærði hinn 29. mars 1977 2 mánaða fangelsisdóm fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga og 1978 3 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, en þeim dómi var breytt í 6 mánaða fangelsi með hæstaréttardómi 25. september 1980.

Þá er greint frá því í héraðsdómi, án þess að gögn liggi fyrir um það í máli þessu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlot-

ið refsidóm í Noregi, 3 mánaða óskilorðsbundið og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Staðfesti verjandi ákærða fyrir Hæstarétti, að þetta væri rétt. Hinn 2. júní 1980 var ákærða í sakadómi Vestmannaeyja dæmdur hegningarauki, 2 mánaða fangelsi, vegna þjófnaðarbrotis, sem hann er í dómnum talinn hafa framið hinn 5. mars 1978.

Allir eru dómar þessir kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot þau, sem ákærur frá 22. janúar 1976 og 5. júlí 1977 varða, og dómarnir frá 1978 svo og hegningaraukadómurinn frá 1980, eftir að brot það var framið, sem ákæra 31. maí 1977 varðar.

Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærða hegningarauka í þessu máli.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af 255. gr., sbr. 71. gr., og 72. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Að öðru leyti skulu ákvæði héraðsdóms varðandi þennan ákærða vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 6. september 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 6. september, var á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð var í skrifstofu dómsins að

Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Finnþoga H. Alexanderssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2884/1976: Ákærvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni og A.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 22. janúar 1976, höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni, Löngufit 36, Garðakaupstað, nú til heimilis að Hringbraut 43, Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík, og A . . ., fæddri . . . 1949 . . ., og með ákærum, útgefnum 31. maí 1977 og 5. júlí 1977, á hendur Guðbergi Guðjónssyni einum.

A. Með ákæru, útgefinni 22. janúar 1976, er málið höfðað á hendur ákærðu báðum fyrir eftirgreind hegningarlagabrot.

### I. Þjófnaðarbrot.

Ákærða, Guðbergi Guðjónssyni, er gefið að sök að hafa mánu dagskvöldið 9. júní 1975 stolið af Finnbirni Finnbjörnssyni, Yrsufelli 11, Reykjavík, peningaveski, sem hafði að geyma auk persónulegra skilríkja kr. 700 í peningum og tékkhefti á Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, Reykjavík, og fór takan fram að Gnoðarvogi 22, Reykjavík, þar sem Finnbjörn hafði sofnað ölvunarsvefni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### II. Tékkafals.

Ákærða Guðbergi er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af fyrrgreindu þjófnaðarbroti tekið til við að gefa út tékka úr fyrrgreindu tékkhefti í nafni Finnbjörns Finnbjörnssonar með fullri vitneskju meðákærðu A um falsanirnar, sem hún tók þátt í að hluta með fölsun framsala á suma tékkana, sem bæði ákærðu notuðu svo í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

1. Nr. 2305, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 10. júní án ártals, á hann falsað framsalið Guðmunda Gilsdóttir, 2780—4969, notaður í viðskiptum við Jón Bjarnason úrsmið, Akureyri.
2. Nr. 2314, að fjárhæð kr. 70.000, dagsettur 9. júní 1975, notaður í viðskiptum við Ingólf Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóra, Eskihlíð 16, Reykjavík, sem ók ákærðu frá Reykjavík til Akureyrar.
3. Nr. 2315, að fjárhæð kr. 5.580, dagsettur 10. júní 1975, útgefinn til Hótel KEA og notaður þar til greiðslu á veitingum og gistikostnaði.
4. Nr. 2316, að fjárhæð kr. 12.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við Vörusöluna, Akureyri.

5. Nr. 2317, að fjárhæð kr. 35.000, dagsettur 10. júní 1975, á hann falsað framsalið Guðfinna Magnúsdóttir, 2780—4969, tékkinn seldur í Útvegsbankanum á Akureyri.
6. Nr. 2318, að fjárhæð kr. 7.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri.
7. Nr. 2319, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við skóbúðina Leðurvörur, Akureyri.
8. Nr. 2320, að fjárhæð kr. 2.770, dagsettur 10. júní 1975, útgefinn til ÁTVR, Akureyri, og notaður þar til greiðslu á vínföngum.
9. Nr. 2322, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 10. júní 1975, notaður í viðskiptum við verslunina Regínu, Akureyri.
10. Nr. 2324, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 10. júní 1975, á hann er falsað framsal Finnbjörns Finnbjörnssonar, notaður í viðskiptum við Jón Bjarnason úrsmið, Akureyri.

Háttsemi ákærðu, sem rakin er í II. kafla, telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en til vara telst háttsemi ákærðu A að hluta varða við 1. mgr. 254. gr. sömu laga.

### III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að bæði ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

B. Með ákæru, útgefinni 31. maí 1977, er málið höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa föstudaginn 6. maí 1977 stolið 8.600 krónum úr versluninni Brekku, Ásvallagötu 1 í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

C. Með ákæru, útgefinni 5. júlí 1977, er málið höfðað á hendur Guðbergi Guðjónssyni fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl 1976 brotist inn í verslunina Ölduna, Tjarnargötu 6 í Sandgerði, og stolið þar allt að 47 pakkalengjum af vindlingum, allt að 15 vindlingakveikjurum, allt að 20.000 krónum í peningum, leðurjakka og reykjarpípu.

Verknað þennan framdi ákærði í félagi við B, fæddan . . . 1950, og D, fædda . . . 1959, sbr. ákæru, dagsetta 10. maí 1977.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, ef krafist verður.

Ákærðu eru bæði sakhæf.

Ákærði Guðbergur, fæddur 1. ágúst 1943 í Reykjavík, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1960 6/10 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.
- 1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.
- 1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
- 1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur samtals kr. 3.600.
- 1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.
- 1965 5/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1967 2/1 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur að hálfu, kr. 1.000.
- 1967 7/4 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 7/10 1966:  
Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1967 9/10 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1969 10/1 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga og 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

- 1970 25/2 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 21/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 30/11 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.
- 1973 26/11 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 24/3 1976.
- 1977 29/3 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.
- 1978 21/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- Ákærða, A, fædd 1949 . . ., hefur sætt refsingum sem hér segir:
- 1978 16/6 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga. Svipt ökuleyfi í 12 mánuði frá 30/3 1978.

#### Málavextir, A—C.

A. Mánudaginn 9. júní 1975 var ákærði Guðbergur í heimsókn hjá fyrrverandi tengdamóður sinni að Gnoðarvogi 22, Reykjavík.

Þar hafði sofnað ölvunarsvefni Finnbjörn Finnbjörnsson, Yrsufelli 11, Reykjavík.

Ákærði tók seðlaveski Finnbjarnar af honum sofandi og hafði á brott með sér.

Í seðlaveskinu voru persónuleg skilríki, ávísanahefti og krónur 700 í peningum. Einn tékkinn var út fylltur af Finnbirni.

Um kvöldið fór ákærði á Hótel Borg og hitti þar meðákærðu A. Þau voru bæði undir áhrifum áfengis.

Ákveðið var að skreppa norður í land í leigubifreið.

Þau tóku leigubifreið á bifreiðastöð Steindórs.

Ákærði Guðbergur greiddi leigubifreiðarstjóranum ökugjaldið til Akureyrar fyrirfram með tékka að fjárhæð kr. 70.000, sem hann útfyllti úr hefti Finnbjörns með nafni hans og nafnnúmeri. Tékkablaðið var nr. 0002314.

Ákærðu voru sofandi meginhluta leiðarinnar til Akureyrar.

Er þangað kom um kl. 0600 um morguninn (sic).

Þau fengu sér gistingu á Hótel KEA, og greiddi ákærði Guðbergur gistingu fyrir þau ákærðu og leigubifreiðarstjóranum með tékka að fjárhæð krónur 5.580, sem hann útfyllti á tékkaeyðublað nr. 0002315 úr tékkhefti Finnbjörns og undirritaði með nafni Finnbjörns og nafnnúmeri.

Seinna þennan morgun fóru ákærðu út af hótelinu. Ákærði Guðbergur lét meðákærðu hafa tékka að fjárhæð krónur 35.000, sem hann útfyllti á tékkaeyðublað nr. 0002317 úr áðurnefndu tékkhefti og undirritaði með nafnnúmeri og nafni Finnbjörns. Ákærða A fór með tékkann í Útvegsbankann á Akureyri og seldi hann þar eftir að hafa ritað sem framsal á tékkann nafnið Guðfinna Magnúsdóttir, nafnnúmer 2780—4969.

Ákærðu fóru í nokkrar verslanir á Akureyri og keyptu þar vörur fyrir tékka, sem ákærði Guðbergur útfyllti á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns. Verður nú notkun þessara tékka rakin og fylgt sömu töluröð og í ákæru.

1. Ákærðu fóru í úraverslun Jóns Bjarnasonar. Ákærði Guðbergur lét meðákærðu hafa 2 tékka, annan að fjárhæð krónur 1.000, útfylltan af Finnbirni sjálfum, nr. 0002305, og hinn að fjárhæð krónur 30.000, nr. 2322, sem ákærði útfyllti sjálfur með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.

Ákærða A fór inn í verslunina og keypti úr, sem kostaði kr. 21.340. Hún sagði afgreiðslustúlkunni, að hún væri með 30.000 króna ávísun. Ákærða lét stúlkuna hins vegar hafa 1.000 króna ávísunina, en hafði áður framselt hana með nafninu Guðmunda Gílsdóttir, 2780—4969. Afgreiðslustúlkun áttaði sig ekki á mistökunum og lét ákærðu hafa úrið og kr. 8.660 til baka.

4. Ákærðu fóru í vörusöluna á Akureyri. Þar útfyllti ákærði Guðbergur og notaði í viðskiptum tékka nr. 2316, kr. 12.000, sem hann hafði undirritað með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.
6. Ákærði Guðbergur útfyllti tékka nr. 2318 í vefnaðarvörudeild KEA og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns. Keypti hann vörur fyrir kr. 6.600, en fékk kr. 400 til baka.
7. Ákærðu fóru í verslunina Leðurvörur. Þar útfyllti ákærði Guðbergur ávísun nr. 2319, kr. 6.000, og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns og keypti skó handa meðákærðu.

8. Ákærði Guðbergur keypti áfengi í ÁTVR á Akureyri og greiddi með tékka nr. 2320, kr. 2.770, sem hann útfyllti og undirritaði með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.
9. Ákærði Guðbergur fór í tískuverslunina Regínu á Akureyri, keypti þar dömujakka og hálsfesti og greiddi það með 30.000 króna tékkanum nr. 2322, sem getið er um í tölulíði 1 hér að framan. Hlutirnir kostuðu kr. 9.000, en mismuninn fékk ákærði til baka.
10. Ákærðu fóru eftir hádegi þennan dag í leigubifreið áleiðis til Húsavíkur. Um svipað leyti hafði lögreglunni á Húsavík borist beiðni um að aka á móti bifreiðinni, sem ákærðu voru í, vegna mistakanna með ávísunina hjá Jóni Bjarnasyni úrsmið. Við vegamót Kísilvegur við Laxamýri stöðvaði lögreglan bifreiðina, sem ákærðu voru í, og benti ákærðu á mistökkin. Ákærðu vildu strax leiðrétta þetta, og útfyllti ákærði Guðbergur nýja ávísun að fjárhæð kr. 30.000 á eyðublað nr. 2324 með nafni og nafnnúmeri Finnbjörns.

Um sama leyti kom þarna Jón Bjarnason úrsmiður. Hann tók við tékkanum af ákærða, en bað ákærða að verða samferða til Húsavíkur, þar sem sannað yrði, hvort næg innstæða væri fyrir hendi.

Er lögreglumennirnir komu aftur á lögreglustöðina á Húsavík, höfðu þau skilaboð borist, að ávísanaheftið væri stolið og engin innstæða á reikningnum.

Ákærðu voru handtekin skömmu síðar.

Um svipað leyti kom Jón Bjarnason úrsmiður á lögreglustöðina og afhenti ávísun þá, sem hann hafði fengið við Laxamýri. Hann tók við úrinu, sem kostað hafði kr. 21.200, og kr. 5.700 í peningum.

Við handtökuna fannst ávísanahefti Finnbjörns á ákærða Guðbergi, og voru tvö eyðublöð eftir í heftinu, undirrituð með nafni Finnbjörns Finnbjörnssonar og nafnnúmeri 2317—0922. Á ákærða fannst einnig útfylltur tékki úr heftinu, nr. 0002321, að fjárhæð kr. 30.000, armbandsúr það, sem keypt var hjá Jóni Bjarnasyni, tvö seðlaveski, annað merkt Finnbirni Finnbjörnsyni, og átekin áfengisflaska.

Á ákærðu A fannst kr. 5.700 í peningum, sem var afgangur þess, sem hún fékk til baka í verslun Jóns Bjarnasonar. Hún hafði einnig í fórum sínum átekin áfengispela, óátekna vodkaflösku, 5 glös af Underberg, fatnað, sjúkrasamlagsskírteini ákærða Guðbergs og staðgreiðslunótu frá tískuversluninni

Regínu, Akureyri, vegna fatakaupa á kr. 8.950. Ákærða var í jakkanum, nýjum buxum og nýjum skóm.

Kl. 1515 þennan dag kom á lögreglustöðina á Akureyri Ingólfur Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Eskihlíð 16, Reykjavík, og bar fram kæru á hendur Finnbirni Finnbjörnssyni fyrir ávísanamisferli og fjárvik. Hann kvaðst hafa ekið ákærðu frá Reykjavík til Akureyrar kvöldið áður. Ákærði hafi látið hann hafa kr. 16.000 í peningum, sem eyðst hafi í kaup á ýmsu dóti fyrir ákærða í Reykjavík. Er lagt hafi verið af stað norður, hafi ákærði látið hann hafa ávísun að fjárhæð kr. 70.000 upp í ferðina. Hann kvað ákærða hafa borgað gistingu á Hótel KEA. Hann kvaðst hafa farið með tékkann í Útvegsbankann á Akureyri og fengið honum skipt í peninga, en hann hafi orðið að skila peningunum, þegar í ljós hafði komið, að innstæðu skorti fyrir tékkanum.

Ákærða A kvaðst hafa hitt ákærða Guðberg á Hótel Borg umrætt kvöld. Þau hafi tekið tal saman og ákveðið að skreppa til Akureyrar. Hún kvaðst hafa verið mjög drukkin. Hún kvaðst hafa vitað, að meðákærði hugðist greiða leigubifreiðarstjóranum með tékka, en hún hafi talið, að innstæða væri næg fyrir tékkanum.

Hún kvaðst allan tímann hafa haldið, að meðákærði hétu Finnbjörn Finnbjörnsson, enda hafi hann sýnt henni nafnskírteini með því nafni.

Meðákærði hafi einnig sagt henni, að hann væri að koma af síldveiðum í Norðursjó og ætti nóga peninga.

Hún kvaðst hafa sofið mestalla leiðina norður, en er þau hafi vaknað á Hótel KEA morguninn eftir, hafi meðákærði gefið henni eitthvað í glas, sem hún hafi orðið mjög undarleg af, líklega einhvers konar deyfilyf.

Hún kvað sig ekki hafa grunað, að meðákærði væri ekki sá, er hann lést vera, fyrr en á leiðinni til Húsavíkur, er úrsmiðurinn frá Akureyri hafði kallað upp í talstöð leigubifreiðarinnar og tilkynnt, að mistök hefðu átt sér stað með ávísun, sem hann hefði fengið. Hún kvaðst þó hafa fengið óljósan grun um, að innstæðu skorti fyrir tékkum meðákærða, er hann bað hana að selja tékka í Útvegsbankanum á Akureyri. Hana hafi þó alls ekki grunað, að tékkinn væri falsaður. Hún kvaðst hafa ritað framsal á tékkann að fyrirsögn meðákærða, sem hafi tjáð henni, að nafn það, sem hún notaði við framsalið, væri nafn eiginkonu

hans. Ákærða viðurkenndi einnig fyrir dómi að hafa framselt tékka nr. 2305, kr. 1.000, sem hún greiddi úrið með.

Ákærði Guðbergur hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa fram-ið þá verknaði, er að faman er lýst.

Með eigin játningu ákærða Guðbergs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þætti I í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með eigin framburðum ákærðu, framburðum vitna, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði Guðbergur hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þætti II í ákæru, tölulíðum 2—10, og varðar hann refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sýkna ber ákærða Guðberg fyrir brot samkvæmt 1. tl. þessa þáttar, þar sem tékki þessi var að öllu leyti út fylltur af eiganda heftisins og ósannað, að ákærða hafi verið kunnugt um framsal meðákærðu á tékkanum.

Með eigin játningu ákærðu A, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hún hafi falsað framsöl á tékka samkvæmt tölulíðum 1 og 5 í II. þætti ákæru, og hefur hún með þeirri háttsemi unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Á hinn bóginn þykir ósannað gegn neitun ákærðu A, að henni hafi verið ljóst, að ákærði Guðbergur falsaði tékkana samkvæmt tl. 1—10 eða hvernig hann var að þeim kominn.

Með hliðsjón af því ber að sýkna ákærðu A varðandi þá háttsemi, sem henni er gefin að sök í tölulíðum 2—4 og 6—10 í II. þætti ákæru, bæði af aðalkröfu og varakröfu.

Eftirtaldir aðiljar hafa uppi bótakröfur á hendur ákærðu:

1. Jón Bjarnason úrsmiður, Akureyri, krónur 12.000.
2. Ingólfur Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Eskihlíð 16, Reykjavík, krónur 70.000 vegna tékka nr. 2314 auk vaxta.
3. Hótel KEA, Akureyri, krónur 5.580 vegna tékka nr. 2315.
4. Vörusalan, Akureyri, kr. 12.000 vegna tékka nr. 2316.
5. Útvegsbanki Íslands, kr. 35.000 vegna tékka nr. 2317.
6. Vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri, kr. 7.000 vegna tékka nr. 2318.
7. Skóbúðin Leðurvörur, Akureyri, kr. 6.000 vegna tékka nr. 2319.

8. ÁTVR, Akureyri, kr. 2.770 vegna tékka nr. 2320.

9. Verslunin Regína, Akureyri, kr. 30.000 vegna tékka nr. 2322.

Engar krafanna hafa verið greiddar.

Af hálfu ákærða Guðbergs hafa kröfur nr. 1, 3, 5 og 7 verið samþykktar og viðurkenndar, en krafist frávísunar krafna nr. 4, 6, 8 og 9 vegna óvissu um hluti þá, sem keyptir voru fyrir tékka þá, sem kröfurnar eru sprotnar af, og nr. 2 vegna vanreifunar kröfunnar. Af hálfu ákærðu A er krafist sýknu af hótakröfum.

Varðandi kröfur nr. 4, 6, 8 og 9 kemur fram í gögnum málsins, að munir þeir, sem keyptir voru fyrir tékka þá, sem kröfurnar eru reistar á, voru eigi afhentir tjónþolum, en sendir með málinu frá Akureyri.

Munir þessir eru í vörslum dómsins, en hafa eigi verið sóttir af ákærðu.

Kröfurnar eru nægilega rökstuddar.

Af þessum sökum verður kröfu ákærða um frávísun krafanna hafnað.

Frávísunarkrafa á kröfu nr. 2 er byggð á því, að krafan sé eigi nægilega rökstudd.

Krafa þessi er byggð á tékka, sem tjónþoli fékk greiddan fyrir akstur og fékk innleystan í banka, en varð strax að endurgreiða bankanum vegna innstæðuleysis.

Tjónþoli gerir þá kröfu að fá andvirði tékkans, krónur 70.000, greitt með vöxtum. Framlagning tjónþola á ökunótu að fjárhæð krónur 68.770, útlistun hans á ökugjaldinu fyrir hann í engu rétti til greiðslu samkvæmt efni tékkans (sic), sem ekki er annað að sjá en hann hafi tekið við í góðri trú.

Frávísunarkröfu ákærða er því hafnað. Framangreind bóta-krafa er studd nægum rökum.

Með hliðsjón af niðurstöðu refsipáttar málsins ber að dæma ákærða Guðberg einan til að greiða kröfur nr. 2—4 og 6—9, en ákærðu bæði in solidum til að greiða kröfur nr. 1 og 5.

Bótakrafa er eigi höfð uppi í málinu af eiganda tékkheftisins, Finnbirni Finnbjörnssyni.

B. Föstudaginn 6. maí 1977 fór ákærði Guðbergur ásamt E í verslunina Brekku, Ásvallagötu 1 í Reykjavík. Á meðan E var að versla, fékk ákærði að fara á salerni á bakgangi í versluninni. Á leiðinni fram í verslunina gekk ákærði inn í hliðarherbergi og sá þar peningabúnt á borði. Hann stakk peningunum á sig og fór út úr versluninni með E.

Ákærði kvaðst hafa talið peningana og hafi fjárhæð þeirra verið krónur 8.600. Eigandi peninganna kvaðst ekki hafa talið þá og mótmælti ekki upphæð þeirri, er ákærði nefndi.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst framangreindur verknaður ákærða sannaður. Varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigandi búðarinnar gerði bótakröfu hjá rannsóknarlögreglu, en krafan er eigi tekin upp í ákæru, og brestur því skilyrði til að dæma um efni hennar.

C. Aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl 1976 braust ákærði Guðbergur í félagi við B og D inn í verslunina Ölduna, Tjarnargötu 10, Sandgerði, þar sem þau stálu allt að 47 pakkalengjum af vindlingum, allt að 15 vindlingakveikjurum, allt að kr. 20.000 í peningum, leðurjakka og reykjarpípu.

Tildrög málsins voru þau, að kvöldið áður hitti ákærði fyrrnefnt fólk á dansleik í Þórscafé. Eftir dansleikinn tóku þau leigubifreið og óku til Keflavíkur. Frá Keflavík var haldið til Sandgerðis. Í Sandgerði var stöðvað, þar fór ákærði úr bifreiðinni, en fékk áður lánað felgujárn hjá leigubifreiðarstjóranum.

Ákærði fór bak við verslunina Ölduna og braut þar rúðu. Með honum var B. Ákærði kom aftur í bifreiðina, og eftir smábið héldu hann og D inn í verslunina og komu aftur út með tvo kassa, sem í var þýfi það, sem áður er greint frá. Ekið var nú til Reykjavíkur, og þar var B settur úr bifreiðinni. Ákærði og stúlkurnar komu þýfinu í geymslu, en héldu síðan á Hótel City, þar sem þau fengu gistingu undir fölskum nöfnum. Þau greiddu ökugjaldið með peningum þeim, sem þau stálu í Öldunni.

Morguninn eftir sóttu þau þýfið og fóru að reyna að selja það. Í söluturninum í Álfheimum í Reykjavík seldu þau 20 lengjur á kr. 1.200 hverja. Nú skildu leiðir með ákærða og stúlkunum og tók ákærði með sér það, sem eftir var af vindlingunum. Hvor stúlkanna tók með sér 2 lengjur og leigubifreiðarstjórninn hafði fengið 4 lengjur um nóttina.

Ákærði seldi lengjurnar, sem hann hélt, og taldi hann þær hafa verið 17 af tegundinni Camel.

Ákærði kveðst hafa hringt í eiganda verslunarinnar heiman frá sér kvöldið eftir innbrotið og skýrt henni frá málavöxtum og mælt sér mót við hana kvöldið eftir.

Eiganda verslunarinnar var skilað eftirtöldum hlutum: 28 lengjum af vindlingum, leðurjakka og 15 kveikjurum.

D skilaði 2 lengjum af vindlingum, leðurjakka og 5 kveikjurum, F skilaði 2 lengjum af vindlingum, 9 kveikjurum, G skilaði 4 lengjum af vindlingum og 1 kveikjara, og ákærði skilaði þeim 20 lengjum af vindlingum, sem hann hafði selt í sölu-turninum að Álíheimum 2.

Ákærði fór til Sandgerðis daginn eftir handtökuna og samdi við verslunareigandann um að greiða krónur 131.880 í bæt看ur vegna innbrotisins.

Engin bótakrafa er höfð uppi í málinu vegna innbrotisins.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

*Viðurlög og annað, A—C.*

Frá árinu 1961 hefur ákærði Guðbergur 15 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot. Síðast hlaut hann dóm héraðs 21. ágúst 1978, 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þann 29. mars 1977 var ákærði dæmdur í 2ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot.

Þessir þrjú dómar eru kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot þau, er fjallað er um í þáttum A og C, og dómarnir frá árinu 1978, eftir að brot samkvæmt þætti C var framið.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða Guðbergi því dæmdur hegningarauki í máli þessu.

Refsing ákærða Guðbergs þykir með hliðsjón af sakaferli hans og sbr. 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Rétt þykir að fresta ákvörðun refsingar ákærðu A, og skal refsingin niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða Guðberg til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 90.000.

○ Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu A, Einars Péturs-

sonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000, og þykir rétt, að ríkissjóður greiði 3/5 hluta þeirra, en ákærða sjálf 2/5 hluta.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Guðbergur að 3/4 hlutum, en ákærða A að 1/4 hluta.

Ákærðu greiði bæði in solidum eftirtöldum bætur:

1. Jóni Bjarnasyni úrsmið, Akureyri, kr. 12.000.
2. Útvegsbanka Íslands, Akureyri, kr. 35.000.

Ákærði Guðbergur greiði einn eftirtöldum bætur:

1. Hótel KEA, Akureyri, kr. 5.580.
2. Vörusölunni, Akureyri, kr. 12.000.
3. Vefnaðarvörudeild KEA, Akureyri, kr. 7.000.
4. Leðurvörum, Akureyri, kr. 6.000.
5. ÁTVR, Akureyri, kr. 2.770.
6. Versluninni Regínu, Akureyri, kr. 30.000.
7. Ingólfi Sigurgeirssyni, Eskihlíð 16, Reykjavík, kr. 70.000 með 13% ársvöxtum frá 10. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla æna dómarsins við önnur embættisstörf.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákvörðun refsingar ákærðu, A, er frestað, og fellur refsingin niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði Guðbergur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, krónur 90.000.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, A, Einars Péturssonar héraðsdómslögmanns, krónur 60.000, greiðast að 3/5 hlutum úr ríkissjóði og að 2/5 hlutum af ákærðu sjálfri.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Guðbergur að 3/4 hlutum, en ákærða A að 1/4 hluta.

Ákærðu greiði bæði in solidum:

1. Jóni Bjarnasyni úrsmið, Akureyri . . . . . kr. 12.000
2. Útvegsbanka Íslands, Akureyri . . . . . — 35.000

Ákærði Guðbergur greiði einn:

1. Hótel KEA, Akureyri ..... kr. 5.580
2. Vörusölunni, Akureyri ..... — 12.000
3. Vefnaðarvörudeild KEA ..... — 7.000
4. Leðurvörum, Akureyri ..... — 6.000
5. ÁTVR, Akureyri ..... — 2.770
6. Versluninni Regínu, Akureyri ..... — 30.000
7. Ingólfi Sigurgeirssyni, Eskihlíð 16, Reykjavík, krónur 70.000 með 13% ársvöxtum frá 10. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 17. nóvember 1981.

Nr. 30/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Steingrími Þorvaldssyni**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ólögleg meðferð á fiskafla.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Dómkröfur af þess hálfu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að ákærða verði ákvörðuð refsing og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.